

# BLÍTT ÁFRAM!



Skýrsla stjórnar  
fyrir árið 2012

# Efnisyfirlit

<b>Um Blátt áfram .....</b>	3
<b>Erindi stjórnarformanns .....</b>	4
<b>Rekstraryfirlit .....</b>	5
<b>Fjárlögun .....</b>	5
Landssöfnun – Vertu upplýstur .....	5
Styrkir .....	5
Reykjavíkurmarápon .....	5
<b>Fræðsla .....</b>	6
Fræðsla til fullorðinna – Verndrar barna .....	6
Fyrirlestrar .....	6
Námskeið .....	6
Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn .....	7
Brúðuleikhús: Krakkarnir í hverfinu .....	7
Teiknimynd: Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! .....	8
Lífsleikni .....	8
<b>Facebook .....</b>	8
<b>Samráð og samstarf .....</b>	9
Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum .....	9
Vitundarvakningin og Krakkarnir í hverfinu .....	9
Fræðsluþing vitundarvakningarinnar .....	9
Samstarfsráð í forvörnum .....	9
Velferðarráðuneyti .....	9
Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Lions .....	9
<b>Rannsóknir sem sem tengjast Blátt áfram .....</b>	10
Svala Ísfeld Ólafsdóttir: Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum .....	10
Vigdís Guðmundsdóttir: Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri .....	10
Hafdís Inga Hinrikssdótti: Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla .....	10
Dagbjört Rún Guðmundsdóttir: Verndrar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum..	10
<b>Stuðningur við félagið .....</b>	11
Nýherji gefur Blátt áfram tölvu .....	11
Rokkhljómsveitin Skálmöld hélt gítaruppboð .....	11
Göngugarpar söfnuðu rúmri milljón fyrir samtökini .....	11
<b>Átaksverkefni .....</b>	12
<b>Stjórn og starfsfólk .....</b>	12
<b>Bæklingur fyrir foreldra .....</b>	13
<b>Umsagnir um starf Blátt áfram .....</b>	13
<b>Áskorun frá stjórn Blátt áfram .....</b>	14
<b>Tilvísanir .....</b>	15



## Um Blátt áfram

**Blátt áfram heldur uppi forvarnar- og fræðslustarfi gegn kynferðis-ofbeldi á börnum á Íslandi.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að halda uppi markvissu forvarnar- og fræðslustarfi í leik- og grunnskólum landsins. Einnig með fræðslu fyrir foreldra og fullorðna einstaklinga sem vinna með börnum og ungu fólk, með því að efla umræðu um kynferðis-ofbeldi í samfélagini t.d í fjölmöldum og með því að halda opna fundi.

Átta ár eru frá stofnun Blátt áfram. Frá 1. mars 2006 hafa samtökin verið rekin sem sjálfstætt starfandi samtök.

Blátt áfram eru grasrótarsamtök sem hafa að markmiði að fræða fullorðna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það. Hluti starfsins felst í að upplýsa fullorðna um mikilvægi þess að börn læri að þekkja líkama sinn og hvar eðlilegt sé að þau dragi mörk í samskiptum við annað fólk. Ennfremur

hafa samtökin verið óbeinn aðili að rannsóknarstarfi og sinnt fræðslu fyrir börn og unglings.

Fræðslustarsemi á árinu var í takt við áætlunar stjórnar en fjáröflun var erfiðari en fyrri ár og færri styrkir fengust frá ríkinu. Stefnt er að því að efla fræðslustarfsemi enn frekar á árinu 2013 og fjölgla stuðnings- og samstarfsaðilum.

## Erindi stjórnarformanns

Á árinu 2012 jökst samfélagsvitund um mikilvægi og ábyrgð okkar fullorðna fólksins á því að vernda börn frá því að verða fyrir kynferðisofbeldi. Á þeim átta árum sem félagið hefur starfað hafa fleiri og fleiri aðilar, skólar og stofnanir leitað aðstoðar og fræðslu. Fleiri félagasamtök sem starfa með börnum og ungmennum telja mikilvægt að fræða sitt fólk jafnt um forvarnir sem fyrstu hjálp. Mikilvægt er fyrir alla þá sem starfa með börnum og ungu fólkii að vita hvert á að leita eftir aðstoð og hversu mikilvægt það er að fá aðstoð strax.

Mörgum mikilvægum áföngum var náð á árinu. Í lok árs fékk brúðuleikhús Blátt áfram styrk til að fara með brúðusýninguna Krakkarnir í hverfinu í alla grunnskóla landsins. Öll börn í 2. bekk fá sýningu um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi sem kostuð er af vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sem er verkefni á vegum innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytisins.

Félagið hefur sýnt fram á mikilvægi sitt í íslensku samfélagi,



verið þrystiafl sem nauðsynlegt er til að halda umræðunni opinni og hefur hvatt fólk til að endurskoða samskipti sín og annarra. Einnig höfum við beitt okkur fyrir endurskoðun reglna stofnana og félaga sem starfa með börnum og ungu fólkii.

Það er mjög hvetjandi að sjá breytingarnar sem nú eiga sér stað í samfélagini. Fleiri og fleiri tala opin-skátt og blátt áfram um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Á síðustu árum höfum við þurft að finna nýjar leiðir til að fjármagna starfsemi félagsins þar sem styrkir frá ráðuneytum hafa verið af skornum skammti. Landssöfnun félagsins hefur sýnt okkur að landsmenn eru öflugir stuðningsmenn okkar og án þeirra framlags væri örðugt að halda úti öflugu starfi. Stuðningurinn skilar sér aftur út í samfélagið með upplýstari einstaklingum sem vernda börnin okkar.

Fyrir hönd Blátt áfram þakka ég fyrir stuðninginn.



# Lykiltölur úr ársreikningi

## 1. Upplýsingar um samtökin

Blátt áfram, forvarnarverkefni er sjálfstætt starfandi samtök með starfsstöð að Fákafeni 9, Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4. tl. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Árin 2007–2010 höfðu samtökin fengið afnot af húsnæði, húsmunum og bíl frá velgjörðamanni samtakanna. Það var einstakt framlag sem lauk á árinu 2011. Á miðju ári 2011 fluttu samtökin í leiguþúsnæði að Fákafeni 9 í Reykjavík. Með því jókst rekstrarkostnaður.

## 2. Rekstrarreikningur

	2012	2011	2010	2009
<b>Tekjur</b>				
Styrkir og aðrar tekjur .....	8.936.376	6.203.477	6.764.802	14.090.531
Landssöfnun .....	16.048.403	9.076.975	8.619.575	2.827.040
<b>Gjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	6.681.575	9.327.772	7.207.878	5.628.655
Húsnæðiskostnaður .....	1.418.675	846.012	0	0
Vitundarvakning, auglýsingar og ráðstefna .....	1.644.689	5.232.248	415.419	1.595.270
Annar kostnaður .....	3.936.192	4.678.932	4.823.282	4.024.898
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 23.352)	100.946	247.869	265.488
Rekstrarrafkoma .....	11.280.296	( 4.703.566)	3.185.667	5.934.236
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Eignir .....	16.471.809	8.120.516	11.301.165	8.160.165
Skuldir .....	316.893	3.245.896	1.722.979	1.767.646
Eigið fé .....	16.154.916	4.874.620	9.578.186	6.392.519

Umsjón með bókhaldi félagsins hefur Ellen Blomsterberg og endurskoðandi er María Sólbergsdóttir.

## Fjárlögun



### Landssöfnun – Vertu upplýstur

Þriðja árleg landssöfnun samtakanna gekk vel og seldust ellefu þúsund lyklakippur. Ungt íþróttafólk seldi lyklakippur undir kjörorðunum „Vertu upplýstur“, safnaði fjarmagni fyrir félagið og sölulaunum í ferðasjóði sína.

Á myndinni hér til hliðar eru þær Edda, Hrefna Hrund og Hafdís Erla að vinna að undirbúningi söfnunarinnar.

### Styrkir

Blátt áfram fékk styrki í ár frá Velferðarráðuneytinu, Reykjavíkurborg og Pokasjóði. Einnig styrktu fyrirtæki og einstaklingar starfið.

### Reykjavíkurmaráþon

Í Reykjavíkurmaráþoninu söfnuðust um 470 þúsund krónur fyrir félagið.

# Fræðsla

## Fræðsla til fullorðinna – Verndarar barna

Fullorðnir bera ábyrgð á börnum og hafa samtökin því lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í leik- og grunnskólum í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist Verndarar barna.

### Fyrirlestrar

Fyrirlesturinn er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis en samkvæmt íslenskri rannsókn sem gerð var árið 2000–2001, með slembiúrtaki úr þjóðskrá, verða um 17% barna fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.<sup>1</sup> Í fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum til að efla samskipti foreldra og barna um viðkvæma og jafnvel vandræðalega hluti. Mörgum finnst erfitt að ræða um kynlíf og kynhegðun og forðast það í lengstu lög. Umræða um forvarnir við forelda er bæði mikilvæg



og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins.

Í fræðsluefni Blátt áfram, 7 skref til verndar börnum, kemur fram að yfir 80% kynferðislegrar misnotkunar á

sér stað þar sem aðeins er staddur einn fullorðinn og eitt barn. Eins kemur þar fram að um 30% foreldra hafa minnst á eða rætt um kynferðislegt ofbeldi við börn sín.

Blátt áfram fær fleiri óskir um fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla en fyrir foreldra. Margir foreldrar telja sig ekki þurfa fræðslu af þessu tagi því þeir eru vissir um að svona nokkuð geti ekki hent barnið þeirra. Kennarar og starfsfólk skóla eru líklegri til að fá til sín barn sem leitar til skólahjúkrunarkonu eða námsrāðgjafa með slík mál. Því er mikilvægt að allt starfsfólk sé vel upplýst og meðvitað um þá ábyrgð sem felst í að hlusta á barn, hlúa að því og leita síðan hjálpar fyrir það.

### Námskeið

Blátt áfram kom á fót námskeiði sem nefnist Verndarar barna fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla. Efnið kemur frá grasrótarsamtökunum **Darkness 2 light** í Bandaríkjunum. Námskeiðið felst í þjálfun í að horfast í augu við vandann, vera á varðbergi og bregðast við vanlíðan barns. Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Barnaverndarstofu hefur tilkynningum frá grunnskólum landsins um vanrækslu, ofbeldi og illa meðferð á börnum fjölgæð í kjölfar þess að námskeiðið fór

**3920** börn í 2. bekk sáu  
brúðusýninguna Krakkarnir í hverfinu.  
Alls voru sýningarnar **98**.

**1000** unglingar fengu lífsleiknifræðslu.

**950** fullorðnir gerðust Verndarar barna.


**870** fullorðnir einstaklingar hlustuðu á fyrirlestur um  
hvernig er hægt að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi.

Á árinu 2012 hlutu tæplega **6.740** manns  
fræðslu á vegum Blátt áfram.

af stað, sem aftur verður til þess að börnum er veitt aðstoð. Þá hafa kennarar sem hafa sótt námskeiðið sagt frá samkennurum sem þeir telja nota varhugaverðar aðferðir í kennslu og umgengni við nemendur.

## Fræðsla fyrir leik- og grunnskólaborð

Þrátt fyrir að fullorðnir beri ábyrgð á að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi telja samtökin Blátt áfram einnig mikilvægt að fræða börn og ungmenningum skólastarfið. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að hverju sinni.



## Brúðuleikhús: Krakkarnir í hverfinu

Blátt áfram hefur boðið upp á brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu frá árinu 2005. Sýningin er í boði fyrir leik- og grunnskóla og fjallar um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.<sup>2</sup> Fjallað er um um börn sem glíma við erfiðar aðstæður, hafa jafnvel orðið fyrir ofbeldi og hvernig þau finna leið til að segja frá og fá hjálp. Þegar börnin horfa á sýninguna fá þau tækifæri til að spryja brúðurnar sem svara þeim og segja þeim hvernig best sé að bregðast við. Samstarf hefur verið við fjölskyldudeildir bæjarfélaga og er sálfræðingur eða félagsrásþjálfari ávallt viðstaddir sýninguna ef upp skyldi koma mál í kjölfar hennar sem þarf að bregðast við strax.

Grunnskóli úti á landi sýndi öllum nemendum í 2. bekk sýninguna og í kjölfarið bárust tíu tilkynningar til barnaverndarnefndar bæjarfélagsins. Sýningarnar eru afar mikilvægar og greinilegt að brúður ná vel til barna. Auðveldara virðist vera fyrir börn að spryja brúður eða segja þeim frá erfiðri reynslu en fullorðinni mannesku. Þá hefur frést af börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir að hafa horft á brúðuleikhúsið og getað leitað sér hjálpar strax vegna vitneskjunnar



um að þetta megi ekki og að maður eigi að segja strax frá.

Sem dæmi má nefna unga stúlku sem var í þössun hjá frænda sínum yfir nótt. Hann leitaði á hana, hún hljóp út með síma og hringdi í móður sína. Hún var spurð síðar af hverju hún hefði brugðist við með þessum hætti. Hún svaraði að hún hefði verið búin að fá fræðslu og lært þetta hjá Blátt áfram.

Í rannsókn sem gerð var í Kanada og Bandaríkjunum á brúðusýningunni Krakkarnir í hverfinu var kannað hvort efni sýningarinnar fæli bæði í sér fræðslu um forvarnir og hvort einnig

væri búið svo um að börnunum liði vel. Í ljós kom að ef hvort tveggja er fyrir hendi geta börnin sagt frá vandamálum sínum og fengið svör við spurningum sínum. Þá var kannaður fjöldi tilkynninga til barnaverndaryfirvalda í bæjarfélögum eftir sýningar. Barnaverndarnefndir eru bundnar trúnaði en þær tilkynntu til skrifstofu barnaverndaryfirvalda að fylgni væri milli fjölda tilkynninga og fjölda sýninga í skólum bæjarfélaganna. Um það bil eina af hverjum þremur tilkynningum var hægt að tengja við brúðuleikhússýningarnar.<sup>3</sup> Unnið er að því að gera íslenska rannsókn á efnum.

## Teiknimyndin Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!

Teiknimyndin **Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!** er fyrsta verkefni samtakanna Réttindi barna. Verkefnið hefur frá byrjun hlotið jákvæð viðbrögð frá fagaðilum, yfirvöldum, skólastjórum, foreldrum og almenningi. Verkefnið er fjármagnað með styrkjum og hafa ótalmargir gefið vinnu sína í þágu málefnisins. Leyndarmálið hefur verið tekin til sýninga fyrir öllu börn í 3. bekk grunnskóla.



Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum á nýjan hátt. Teiknimyndin, ásamt stuðningsefni sem henni fylgir, var send í alla skóla landsins vorið 2011, þeim að kostnaðarlausu. Blátt áfram sá um gerð fræðsluefnis fyrir kennara og hýsir teiknimyndina á vefsíðu félagsins. Könnun var send til skólanna eftir sýninguna og voru kennarar mjög ánægðir. Þeir töldu sig hafa betra verkfæri til að fræða börn og aðstoða þau betur ef ofbeldistilfelli kæmu upp.



## Lífsleikni

Samtökinn Blátt áfram bjöða upp á sérstaka fræðslu í lífsleikni fyrir unglunga í 7.-10. bekk. Margir þeirra hafa lent í erfiðleikum og/eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við eða hvar hjálp er að finna. Einn grunnskóli á höfuðborgarsvæðinu fær lífsleiknifræðslu árlega fyrir unglunga í 8. bekk. Fyrsta árið sem lífsleiknifræðlan var notuð komu upp í kjölfarið 15 mál meðal unglinganna sem þurftu hjálp og leituðu aðstoðar.


Í þessum tímum er rætt við unglingana um líkama þeirra, samskipti við aðra og þau mörk sem þau mega setja, neyslu og nauðgun. Rætt er um samfélagið vítt og breitt og hvað beri að varast. Þau fá fræðslu um falið ofbeldi, eins þegar einhver nuddar sér upp við mann og segir það hafa verið óvart, óvænta snertingu eða snertingu sem hefst með kitli eða klóri á baki og þess háttar. Nauðsynlegt er að segja ungmennum frá hættunni að einhver gæti reynt að fá þau til að gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, reynt að tæla þau með gjöfum, svo sem peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent að þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel

einhverjur sem þau þekkja vel. Þá er hnykkt að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna. Meðalaldur geranda er um 27 ár og því oft og tiðum um mikinn mun á þroska og lífsreynslu að ræða milli gerenda og þolenda.<sup>4</sup> Rætt er um að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað milli systkina eða unglings á svipuðu reki. Talið er að það sé fimm sinnum líklegra að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað á milli systkina en af hálfu föður.<sup>5</sup>

## Facebook

Þeim fjölgar stöðugt sem líkar við og fylgjast með Blátt áfram í gegnum Facebook-síðu félagsins. Hátt í 16.000 manns fylgjast með fræðslu og ráðum til foreldra þar.





## Samráð og samstarf

### Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum

Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, í samræmi við sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misneytingu gegn börnum, fór af stað á árinu. Verkefnistjórn heldur utan um verkefnið sem er fjármagnað af innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti.

### Vitundarvakningin og Krakkarnir í hverfinu



Samkvæmt þriggja ára samkomulagi sem stjórnvöld og Brúðuleikhús Blátt áfram undirrituðu, þann 27.

apríl 2012, er sýningin Krakkarnir í hverfinu nú í boði fyrir öll börn í 2. bekk í grunnskólum landsins, endurgjaldslaust. Sýningin er fræðslusýning sem ætlað er að auðvelda börnum að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir. Boðskapur sýningarinnar er: Þú færð hjálp ef þú segir frá. Reynslan sýnir að fjöldi tilkynninga berast barnaverndarnefndum í kjölfar sýninganna.

### Fræðsluþing vitundarvakningaránnar

Á vegum vitundarvakningaránnar voru haldin fræðsluþing um landið þar sem fjallað var um hlutverk grunnskóla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegu ofbeldi. Fræðsluþingin fóru fram á þremur stöðum á landinu seinni hluta árs og hélt Blátt áfram erindi fyrir tæplega tvö hundruð grunnskólakennara og fagaðila sem starfa með börnum sem sóttu þingin.

### Samstarfsráð í forvörnum

Árið 2012 var Blátt áfram boðið að taka þátt í nýju félagi, Samstarfsráði í forvörnum, SAMFO. Aðildarsamtök SAMFO vinna að áfengis-, töbaks- og vímuefnaforvörnum á vettvangi mannræktar, velferðar, félagsmála, samfélagsþróunar, uppeldis- og skólamála, íþróttamála og tómstundastarfs. Samstarfsráð um forvarnir er samstarfs- og upplýsingavettvangur íslenskra félagasamtaka og sameiginlegur málsvari þeirra. Blátt áfram lítur á aðild sína sem tækifæri til að fá fleiri aðildarfélög til að lata sig forvarnir gegn kynferðisofbeldi varða. Um 24 félög eru nú aðilar að SAMFO.

### Velferðarráðuneyti

Blátt áfram tók þátt í vinnufundi sem haldinn var 9. mars til að undirbúa

heilbrigðisáætlun. Á fundinum, sem er annar af tveim vinnufundum, er unnið að 15 afmörkuðum þáttum heilbrigðisáætlunar í 15 vinnuhópum. Í framhaldinu verður unnin velferðarstefna sem taka mun gildi árið 2015. Stefnur í málaflokkum ráðuneytisins og áætlanir um framkvæmd þeirra munu verða hluti velferðarstefnunnar, þar með talin stefna og aðgerðaáætlun í heilbrigðismálum.

Blátt áfram sat á borði þar sem rætt var um ofbeldi og voru einu félagsamtökin við það borð. Er það mikill heiður að fá að taka þátt í þessu starfi og komu margar góðar hugmyndir fram í kjölfarið.

### Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Lions

Blátt áfram tók þátt í sameiginlegu málþingi RBF (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd) og Lions sem haldið var í febrúar. Fjallað var um mikilvægi þess að fá styrki til að efla rannsóknir á forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi og samstarf á milli þeirra sem koma að mállefni. Þá kom fram nauðsyn þess að gera könnun á námsefni Blátt áfram og áhrifum þess, svo sem Brúðuleikhússins og Verndara barna og á árinu 2013 höfst samstarf um rannsóknir sem koma út síðar á þessu ári.

## Rannsóknir sem sem tengjast Blátt áfram

Bókin *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum* kom út árið 2011 og er ómetanlegt framlag til rannsókna á kynferðisbrotum gegn börnum. Á undanförnum árum hafa einnig verið skrifuð nokkur lokaverkefni á háskólastigi sem tengjast Blátt áfram og starfi samtokanna á einhværn hátt og hér verður gerð grein fyrir þemur þeirra.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir: *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum.*

Bókin *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum<sup>6</sup>* kom út árið 2012. Fjöldi höfunda kemur að ritun bókarinnar en ritstjóri og meðhöfundur er Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent í refsírétti og afbrotafræði við lagadeild Háskólags í Reykjavík. Í bókinni er kafli eftir Sigríði Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Blátt áfram, um forvarnir.

Vigdís Guðmundsdóttir: *Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri.*

Árið 2010 gerði Vigdís Guðmundsdóttir rannsókn sem hún nefndi *Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri. Hvernig taka leikskólastjórar á málefni í starfi?*<sup>7</sup> Þar fjallar hún um möguleg áhrif fræðslu og upplýsinga á viðbrögð starfsfólks en hún kannaði viðbrögð fjögurra leikskólastjóra eftir að grunur vaknaði um að börn á leikskólunum væru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Kannað var hvort lífsgildi og stjórnunarstíll hefðu áhrif á hvernig þeir brygðust við. Jafnframt var kannað hvort munur væri á þekkingu starfsfólks eftir því hvort leikskólastjóarnir gáfu sig út fyrir sérþekkingu á málefni eða ekki. Leikskólastjóarnir fjórir höfðu rúmlega 20 ára starfsreynslu og hjá þeim störfuðu 85 starfsmenn.

Helstu niðurstöður sýndu að leikskólastjóarnir höfðu skyraráreglur um hvernig bregðast ætti við grun um kynferðislegt ofbeldi og töldu að þeir bæru ábyrgð að gera eitthvað í málínu. Þeir lögðu ríka áherslu á að nýta reynslu starfsfólks síns og dreifa ábyrgðinni eftir því sem við ætti. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á þekkingu starfsfólks á kynferðisofbeldi gegn börnum eftir því hvort leikskólastjóarnir gáfu sig út fyrir að hafa sérþekkingu á málefni eða ekki. Þátttakendur höfðu almennt grunnþekkingu á skyldum sínum og alvarleika vandans en þekkingarmunurinn var mikill eftir því hvort starfsfólk hafði fengið sérstaka fræðslu um efnið. Þar er átt við fræðslu sem Blátt áfram býður upp á, það er námskeiðið Verndarar barna.<sup>8</sup>

Hafdís Inga Hinrikssdóttir: *Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla.*

Hafdís Inga Hinrikssdóttir fjallaði í BA-ritgerð sinni í félagsfræði, sem hún lauk vorið 2012, um siða- og verklagsreglur innan íþróttafélöganna: *Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla*<sup>9</sup>.

Rannsóknin fjallar um kynferðisofbeldi gegn börnum í íþróttum. Markmið hennar er að skoða hvort að handknattleiksdeildir FH og Hauka hafi undir höndum siðareglur eða verklagsreglur er varða forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum og hvort að félögin starfi eftir þeim. Fjallað er um rétt barna þar sem að Bretland, Danmörk og Svíþjöld eru sérstaklega skoðuð með samanburð í huga. Þá er farið í gegnum ábyrgð þjálfara, þá stöðu sem blasir við hér á Íslandi og siðareglur skoðaðar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þjálfarar fái ekki fræðslu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum og að þeir þekki ekki til vinnubragða, siðareglina eða verkferla hjá félögum sínum. Auk þessa kemur fram í niðurstöðum að hjá þjálfurunum er mikill áhugi fyrir því að fái fræðslu um málefnið ásamt því að innleiða siðareglur og verklagsreglur. Einnig kemur í ljós að íslensk íþróttafélög eru langt á eftir íþróttafélögum í öðrum löndum þegar kemur að verndun barna innan íþróttar.


Dagbjört Rún Guðmundsdóttir: *Verndrarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum*

Í lok árs kom út mat á námskeiði Blátt áfram, Verndrarar barna, en Dagbjört Rún Guðmundsdóttir skrifaði loka-verkefni sitt til MA-prófs í félagsráðgjöf um námskeiðið.<sup>10</sup> Verndrarar barna er námskeið þar sem fullorðnum er veitt markviss þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna árangur námskeiðsins. Megindlegri rannsóknaraðferð var beitt til að kanna hvort þekking og viðhorf þátttakenda til kynferðislegrar misnotkunar ásamt forvarnaraðgerðum breytist eftir að hafa setið námskeiðið. Rannsókn þessi er forrannsókn á forvarnarverkefni gegn kynferðislegri misnotkun barna og er hún unnin í samstarfi við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er við kemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að þeir fái þjálfun. Þátttakendur telja einnig líklegt að þeir muni í framtíðinni grípa til fleiri forvarnaraðgerða, til verndar börnum gegn kynferðislegu ofbeldi, en þeir gerðu áður. Álykta má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi.

## Stuðningur við félagið



Einstaklingar sem og fyrirtæki hafa lagt félagini lið á árinu. Slíkir styrkir eru hvatning fyrir félagið og styðja okkur til að halda áfram ótrauð.

### Nýherji gefur Blátt áfram tölvu

Á myndinni hér til hliðar tekur Sigríður Björnsdóttir framkvæmdastjóri Blátt áfram við Vaio fartölvu úr hendi Gísla Þorsteinssyni markaðsstjóra hjá Nýherja. Við þökkum Nýherja kærlega fyrir þennan frábæra stuðning!

### Rokkhljómsveitin Skálmöld hélt gítaruppboð

Rás 2 og Skálmöld stóðu fyrir uppboði á einstökum Fender-gítar. Skálmöld notaðist við gítarinn við upptökur á nýjustu breiðskífu sinni, Börn Loka, ásamt því að spila á hann á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu í sumar. Gítarinn er sérstaklega skreyttur af listakonunni Ýri Baldursdóttur.

Áhöfn fjölveiðiskipsins Hákons EA 148 sem hreppti Skálmaldargítarinn glæsilega fyrir 500.000 kr. Við óskum þeim til hamingju með gítarinn og þökkum þeim stuðninginn við mikilvægt mállefni.

Gítarinn var afhentur fulltrúa Hákons á þungarokkstónleikunum Rokkjötnum í Kaplakrika, en Rás 2 sendi beint út frá tónleikunum.

Styrkurinn verður notaður til að fjármagna ráðstefnu félagsins 2013.

### Göngugarpar söfnuðu rúmri milljón fyrir samtökin

Í júlí gengu tveir félagar, þeir Friðjón Hölmbertsson og Guðsteinn Halldórsson, um 720 kilómetra þvert yfir landið til styrktar samtökunum Blátt áfram.

Þetta er ótrúlegt framtak þessara tveggja manna sem voru staðræðir í að safna milljón áður en þeir lögðu af stað. Þeir komu til byggða 19. júlí, tveimur dögum fyrr en áætlað var, heilir 720 km voru að baki og höfðu þeir þá safnað tólf hundruð þúsund krónum með hjálp góðra fyrirtækja og einstaklinga. Féð sem safnaðist var nýtt í auglýsinga-herferð Blátt áfram í fjölmíðum.

Viljum við þakka þeim Friðjóni og Guðsteini kærlega fyrir stuðninginn. Með þeirra aðstoð verða fleiri landsmenn upplýstir um mikilvægi forvarna gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

## Átaksverkefni

Auglýsingaherferð félagsins í fjöldum á árinu vakti mikla athygli. Átakið í ár fólst í því að veikja athygli á því hverjir það eru sem mögulega brjóta á börnum. Stétt og staða segir ekki til um hvort einstaklingur sé traustsins verður. Forvarnir gegn kynferðisofbeldi eru í verkahring hinna fullorðnu. Yfirkrift herferðarinnar var: „Þú treystir þeim en barnið þekkir hann betur en þú. Við sjáum ekki það sem við viljum ekki sjá.“



## Stjórn og starfsfólk

Stjórn félagsins skipa; Sigríður Björnsdóttir formaður, Svava Björnsdóttir varaformaður, Sigfriður Sigurðardóttir skrifstofustjóri, ritari, Oddur Pétursson, gjaldkeri og Helga Arnalds brúðuleikhússtýra meðstjörnandi. Varamenn í stjórn eru Gréta Kristjánsdóttir forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar og Páll Ólafsson félagsráðgjafi.

Sigríður Björnsdóttir er framkvæmdastjóri samtakanna. Svava Björnsdóttir Brooks starfar í hlutastarfi. Ennfremur hafa samtökin komið sér upp neti leiðbeinenda sem sinna forvarnarfræðslu á vegum Blátt áfram.

Samtökin Blátt áfram þakka öllum þeim einstaklingum, fyrtækjum og ráðuneytum sem veittu þeim styrki á árinu. Samtökin Blátt áfram eru rekin með styrkjum og frjálsum framlögum.

Reykjavík, 26. ágúst 2013.

Stjórn Blátt áfram,

Sigríður Björnsdóttir formaður

Oddur Pétursson gjaldkeri

Helga Arnalds meðstjörnandi

Svava Björnsdóttir varaformaður

Sigfriður Sigurðardóttir ritari

## Bæklingur fyrir foreldra

Bæklingur með ábendingum til foreldra var gefin út á árinu. Foreldrar spryrjast oft fyrir um það hvernig best er að bera sig að þegar spryja á tómstunda - og íþróttafélög út í ráðningar og starfsfólk. Í bæklingnum eru handhægar upplýsingar og spurningar sem hægt er að nota þegar farið er með barnið í tómstunda og íþróttafélög.

### Fyrirlestur á netinu

Í boði er fyrirlestur á netinu sérstaklega ætlaður foreldrum. Í honum eru svör við eftifarandi spurningum: Hvaða vísbindingar gefa til kynna að ofbeldi hafi átt sér stað? Hvað er tæling og hvað er ofbeldi? Hvert á að leita eftir aðstoð? Af hverju segja börnin ekki frá? Hverjir eru gerendurnir? Hvernig og af hverju á ég að tala um þetta við börnin mínum? Hvernig er rætt við börn um líkama þeirra, mörk og samskipti?

Þeir sem hlusta á fyrirlesturinn geta séð fyrirlesara, glærur og spurt spurninga, eins og þeir sætu fyrir framan fyrirlesarann. Mjög hentugt fyrir fólk sem kemst ekki frá. Haldið á kvöldin en einnig er hægt að sérpanta fyrirlestur fyrir stærri hópa.

### Fleiri aðilar koma að fræðslu félagsins

Hjá félagini starfar fjöldi fólks sem sér um fræðslustarf félagsins.



Leiðbeinendur sem halda námskeiðið Verndrar barna hafa allir setið leiðbeinandanámskeið á vegum Blátt áfram og Darkenss 2 light og hafa réttindi til að halda sílik námskeið. Síðastliðin sex ár hafa verið þjálfaðir um 60 leiðbeinendur sem búsettar eru um allt land. Leiðbeinendur eru foreldrar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, kennarar, leikskólastjórar og einstaklingar sem hafa brennandi áhuga á málaflokknum. Á síðastliðnu ári sátu um 950 manns námskeiðið Verndrar barna.

Aðilar sem halda erindi um forvarnir til foreldra og starfsfólks eða lífsleikni fyrir unglings koma viðsvegar að. Þeir eru félagsráðgjafar, kennarar og Verndrar barna, leiðbeinendur sem komið hafa að þessum málaflokki.

### Samstarf um fræðslu í sveitafélögum landsins

Sveitafélög eru farin að átta sig á mikilvægi þess að skylda starfsfólk sitt á sílik námskeið. Akureyri og Hafnarfjörður hafa verið í samstarfi við Blátt áfram um slíka fræðslu. Á árinu endurnýjaði félagið samstarfsamning við Hafnarfjarðarbæ um aðkomu að fræðslunni. Starfsfólk barnaverndar í Hafnarfirði sér um fræðsluna sem hefur skilað sér í öflugra samstarfi skóla og barnaverndar. Einnig hefur tilkynningum hafa komið í kjölfar samstarfsins og fræðslunnar.

## Umsagnir um starf Blátt áfram

### Umsögn aðstoðarskólastjóra Áslandsskóla í Hafnarfirði um námskeiðið Verndrar barna

Námskeiðið var mjög gott, vel fram sett og fræðandi. Kristín Berta setti efnið fram á fræðandi og skýran hátt. Svona námskeið nýtist mjög vel í hópnum, því alltaf er mikilvægt að geta rætt þessa hluti í forvarnarskyni.

Fræðsla og upplýsingagildi um kynferðisofbeldi er nauðsynlegur þáttur í skólastarfi svo hægt sé að vera vakandi á faglegan hátt. Við þökkum kærlega fyrir okkur.

Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

### Krakkarnir í hverfinu – umsögn

Undirritaður sem er sálfræðingur í Kársnesskóla vill koma á framfæri bestu meðmælum með brúðuleikhúsini Krakkarnir í hverfinu. Æg var áhorfandi á sýningu fyrir börn í 2. bekk Kársnesskóla í dag og varð vitni að fræðandi umfjöllun um heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Aðferð Hallveigar og Helgu til að nálgast fræðsluna um þessi mikilvægu mállefni er snjöll og hvetjandi til umræðu meðal krakkanna. Það sást greinilega í svip og viðbrögðum barnanna sem voru á sýningunni í dag rétt eins og ég upplifði í sama skóla fyrir réttu ári.

Ég hvet því til að þetta framtak hjá Blátt áfram fái þann fjárhagslega stuðning sem til þarf til að allir krakkar fái þessa fræðslu.

Hugo Pórsson sálfræðingur



## Áskorun frá stjórn Blátt áfram:

### **Ef stöðva á kynferðisofbeldi þarf samfélagið að vinna saman**

Mikil vakning hefur orðið um kynferðisofbeldi hér á landi á síðastliðnu ári. Stór og óhugnanleg brotamál hafa komið upp sem hafa knúið fólk til að horfast í augu við vandann og líta í eigin barm. Fólk spyr sig af hverju gerði enginn neitt þegar allir vissu? Fólk er að vakna til vitundar um afleiðingar ofbeldis sem mikil umræða hefur skapast um og fólk talar blátt áfram um ofbeldið. Tilkynningum og kærum hefur fjölgæð til muna í þessum brotaflokk.

Við viljum hvetja fólk til að horfa lengra og taka næsta skef og afla sér upplýsinga um hvernig er hægt að koma í veg fyrir ofbeldið, taka áhættu og vernda börn. Að vera meðvitað um umhverfi, aðstæður og tryggja öryggi einstaklinga. Öxlum samfélagsábyrgðina áður en barnið verður fyrir ofbeldi og forðum því frá afleiðingum kynferðisofbeldis.

Stöðugt fleiri stofnanir og sveitarfélög fræða allt starfsfólk sem starfar með börnum og ungmennum og á síðasta ári sáum við mjög aukna eftirsprun eftir fræðslu. Slik fræðsla eykur líkur á því að tilkynnt sé um ofbeldi eða vanrækslu á barni. Hún hefur líka fælingarmátt á þá sem leita að starfi með börnum til að ná til barna og tæla þau. Einnig eykst vitund um reglur og samstaða þegar upp kemst um starfsmann sem sýnir óæskilega hegðun gagnvart barni eða samstarfsaðilum.

Rannsókn Dagbjartar Rún Guðmundsdóttur á námskeiðinu Verndrar barna sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlutið þjálfun. Álykta má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi (Dagbjört Rún Guðmundsdóttir 2012).

Stjórn Blátt áfram hefur því ríkar ástæður til að skora á allar stofnanir sem starfa með börnum og ungu fólk að setja í forgang vinnu um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Slik forvarnir ættu á næstu árum að verða sjálfsgörðar í starfsemi fyrirtækja og félagasamtaka. Þeir sem hafa hug á því að tæla eða brjóta á barni sækjast eftir því að starfa á vinnustað þar sem frjáls aðgangur er að börnum. Því er kominn tími til að samfélagið efli félagsleg viðmið sín og vernd barna.

Að gera hið rétta er ekki alltaf auðveldasta leiðin. En það er þó eina leiðin sem skilar aukinni vernd barna, tryggara umhverfi allra sem starfa með börnum og skapar vellíðan og heilbrigtrum umhverfi.

Við getum fækkað þeim börnum sem verða fyrir kynferðisofbeldi með því að vinna saman. Það mun skila sér í færri tilfellum ofbeldis, áfallastreitu, geðsjúkdóma og fækkun þeirra sem verða áfengis- og vímuefnavanda að bráð. Heilbrigði mun aukast og færri unglingar munu hætta í skóla og rata af leið. Við munum sjá kynslóð af heilbrigðari og hamingjusamari börnum.

Við fullorðna fólkid erum gæslumenn framtíðarinnar og það er okkar hlutverk að vernda börnin.

## Tilvísanir

- 1 Hrefna Ólafsdóttir (2010). Faraldsfræði kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í (ritstj.) Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Kynferðisofbeldi gegn börnum. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- 2 Sjá [kidsonthefblock.org](http://kidsonthefblock.org).
- 3 Niðurstöður rannsóknar á brúðuleikhúsínu, <http://www.kotb.com/Media/effectsum.html#Abuse>.
- 4 Darkness 2 light, Verndrarar barna (2006).
- 5 Levine og Kleine (2008), bls. 147.
- 6 Svala Ísfeld Ólafsdóttir, ritstj. 2011. *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- 7 Vigdís Guðmundsdóttir. 2010. *Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri: hvernig taka leikskólastjórar á málefni í starfi?* Meistaraprófsritgerð til M.Ed.-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sjá vefsíðu: <http://skemman.is/handle/1946/5800>.
- 8 Sama heimild, bls. 5.
- 9 Hafdís Inga Hinrikisdóttir. 2012. *Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla*. Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við félagsvíndasvið Háskóla Íslands.  
Sjá vefsíðu: [http://skemman.is/stream/get/1946/11561/28709/1/Hafd%C3%ADs\\_Inga.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/11561/28709/1/Hafd%C3%ADs_Inga.pdf).
- 10 Dagbjört Rún Guðmundsdóttir. 2012. *Verndrarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum*. Lokaverkefni við félagsvíndasvið Háskóla Íslands til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda.  
Sjá vefsíðu: <http://skemman.is/item/view/1946/13545>.

**BLÁTT ÁFRAM!**

Blátt áfram, forvarnarverkefni  
Fákafeni 9 – 108 Reykjavík  
Pósthólf 8411 – 128 Reykjavík – Sími 533 2929  
[www.blattafram.is](http://www.blattafram.is) – [blattafram@blattafram.is](mailto:blattafram@blattafram.is)

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012  
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja